



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Atvinnumálanefnd.

1. fundur

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðarvegi 6, fimmtudaginn 12. ágúst 2010 kl 20:30.

Mættir voru frá atvinnumálanefnd: Böðvar Pétursson, Sólveig E. Hinriksdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Leifur Hallgrímsson og Halldór Árnason.

Að auku voru eftirtaldir notendur Austurafréttar mættir: Ólöf Hallgrímsdóttir, Jón Ingi Hinriksson, Egill Freysteinnsson, Birgir V. Hauksson, Stefanía Stefánsdóttir, Álfðís Stefánsdóttir, Karl S. Þorsteinsson, Guðrún S. Þorsteinsdóttir, Jónas P. Pétursson, Valgeir Guðmundsson, Halldór Árnason og Daði L. Friðriksson.

1. Fundarsetning.

Formaður bauð menn velkomna.

2. Tímasetning gangna á Austurafrétti og réttardagur.

Nokkur umræða varð um tímasetningu gangna, fyrir liggur að slátruhús eru að seinka slátrun og mun fátt fé verða tekið inn til slátrunar til 6. september.

Ákveðið að fara í fyrstu göngur 3. og 4. september og rétta í Hlíðarrétt sunnudaginn 5. september. Aðrar göngur verði hálfum mánuði síðar eða 18. og 19. september og þriðju göngur 25. og 26. september.

Töluvert rætt um fyrirkomulag gangna og þá helst í Búrfellshrauni. Rætt um að í fyrstu göngum í Búrfellshraun verði tekið neðan til úr því og rekið norður á þjóðveg í veg fyrir rekstur og frá Lúdent og norður á Dal. Þetta verði gert seinni daginn.

Gerð tillaga að Eystri- og Neðri- Miðföll verði gerð að einu gangnasvæði með sama gangnaforingja, og fá Gunnar R. Pétursson til að taka Neðri-Miðfjalla svæðið að sér.

Rætt um að prófa að senda í Norðufjöll undanfara sem smala á fimmtudegi.

Rætt um að það þurfi að vera alveg skýrt, þar sem gangnaforingja nýtur ekki við, hver stjórnar á hverju svæði.

Gangnamenn skulu vera alsgáðir í það minnsta í upphafi dags.

Greiðslur fyrir aukaferðir í göngum eru of miklar greitt var 334 þúsund fyrir akstur 2009, það er akstur með hesta, í göngum og við eftirleitir.

3. Fjallskilastjórar.

Birgir V. Hauksson og Daði L. Friðriksson eru skipaðir fjallskilastjórar.

Þeirra fyrsta mál verður að funda með gangnaforingjum og jafna niður göngum.

4. Önnur mál.

Tillaga kom um að setja eyju inn í miðjuna á Hlíðarrétt og hafa féð í einskonar rennu utanvið til að auðvelda sundurdrátt. Það væri þá e.t.v. hægt að beina ferðamönnum inn á eyjuna. Fundarmönnum leist vel á þessa tillögu.

Einnig rætt um að fá hestaleiguna til að beita réttina.

Viðhaldsmál:

Eignir fjallskilasjóðs hafa drabbast niður undanfarin ár. Kominn er tími á viðhald á réttinni. Bent á að fjölmargir dilkar eru ónotaðir og hægt að nota þá í staðinn fyrir ónýta dilka og jafnvel sameina. Hver fjáreigandi á að sjá um sinn dilk að hann sé fjárheldur og að dyr inn í almenning haldi.

Gangnakofinn á Hlíðarhaga er mjög lélegur og varla mönnum bjóðandi og hesthúsið þar er ekki hesthelt.

Aðhaldið við Péturskirkju orðið mjög lélegt.

Ákveðið var að nýjir fjallskilastjórar fari í vettvangsferð í Péturskirkju og á Hlíðarhaga og skoði hvað þurfi að gera. Einnig að þeir skoði Hlíðarrétt með réttarstjóra til að ath. hvort ekki er hægt að gera breytingarnar sem um var rætt.

Ákveðið að auglýsa í Mýflugunni réttardaga og gangnadaga.

Af þessum lið loknum gengu afréttarnotendur af fundi en nefndarmenn atvinnumálanefndar sátu eftir.

5. Bréf frá Berþóru Eysteinsdóttur um undanþágu frá gangnaskyldu.

Í bréfi þessu óskar Bergþóra eftir að vera undanþegin gangnaskyldu haustið 2010 þar sem allt hennar sauðfé er í heimalandi.

Atvinnumálanefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Böðvar Pétursson
Sólveig E. Hinriksdóttir
Ingibjörg Björnsdóttir
Leifur Hallgrímsson
Halldór Árnason